

Fundargerð 393. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2017, mánudaginn 27. mars 2017 kl. 11:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til símafundar í Virkisbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Gísli Gíslason, Ólafur Þór Snorrason og Björn Arnaldsson. Í símasambandi voru Ásta Björg Pálmadóttir, Guðmundur M Kristjánsson, Guðný Sverrisdóttir, Sigrún Árnadóttir og Steinþór Pétursson.

Að auki sat fundinn: Valur Rafn Halldórsson fundarritari.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Hafnasamband Íslands - stjórnarfundir 2017 - 1702001HA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 392. fundar frá 17. febrúar 2017.

Fundargerð samþykkt og staðfest með undirskrift stjórnarmanna.

2. Stefnumótun í fiskeldi - beiðni um upplýsingar - 1702007HA

Lagt fram bréf frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, dags. 17. febrúar 2017, þar sem óskað er eftir upplýsingum vegna stefnumótunar í fiskeldi á Íslandi. Lagt fram minnisblað frá Steinþóri, Birni og Guðmundi varðandi málið.

Steinþóri falið að lagfæra minnisblaðið í samræmi við umræður á fundinum. Framkvæmdastjóra falið að senda minnisblaðið ásamt formlegur bréfi á atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.

3. Tillaga til þingsályktunar um aðgerðaráætlun um orkuskipti - 1703001HA

Lögð fram til kynningar tillaga til þingsályktunar um aðgerðaráætlun um orkuskipti frá ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra.

Framkvæmdastjóra falið að útbúa umsögn í samræmi við umræður á fundinum.

4. Kynning á starfsemi hafna - 1611008HA

Lögð fram til kynningar námskeiðslýsing á námskeiðinu Verum tilbúin! sem hafnasambandið stendur fyrir þann 4. maí nk. á Hótel Natura.

Einungis hafa 10 einstaklingar skráð sig á námskeiðið. Ákveðið að senda ítrekun á aðildarhafnir vegna málsins.

5. Reglugerð EU 2017/352 um hafnir - óskað umsagnar - 1703002HA

Lagt fram erindi frá innanríkisráðuneytinu, dags. 8. mars 2017, þar sem óskað er eftir umsögn og athugasemdum frá Hafnasambandi Íslands um reglugerð 2017/352 frá EU þar sem fjallað er um fjárhagslegt gagnsæi hafnarreksturs.

Formanni falið að útbúa umsögn og í kjölfarið funda með ráðuneytinu um málið.

6. Fjárhagsstaða verst settu hafnasjóðanna - 1611006HA

Lagt fram að nýju minnisblað Sigurðar Á. Snævarr, dags. 7. desember 2016, þar sem farið er yfir fjárhagsstöðu verst settu hafnasjóðanna. Einnig lagðar fram upplýsingar frá þeim höfnum sem hafa sent hafnasambandinu þær upplýsingar sem óskað var eftir í bréfi dags. 15. desember 2016.

Samþykkt að óska eftir því að Sigurður Snævarr, sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs sambandsins rýni gögnin.

7. Ábyrgð umboðsmanna skemmtiferðaskipa - 1703006HA

Lagður fram til kynningar tölvupóstur frá Ísafjarðarhöfn, dags. 20. mars 2017, þar sem farið var yfir ábyrgð umboðsmanna skemmtiferðaskipa.

Formanni og framkvæmdastjóra falið að fá álit lögmanns á málinu.

8. The Arctic Commitment - 1703003HA

Formaður gerði grein fyrir verkefninu sem miðar að því að setja bann á notkun svartolíu.

Stjórn Hafnasambands Íslands samþykkir að skrifa undir yfirlýsinguna enda er hún í samræmi við stefnumörkun hafnasambandsins.

9. Þingsályktun um flutning Landhelgisgæslunnar til Reykjanesbæjar, 135. mál. - 1703004HA

Lagður fram tölvupóstur frá nefndarsviði Alþingis þar sem óskað er eftir umsögn hafnasambandsins um tillögu til þingsályktunar um flutning Landhelgisgæslunnar til Reykjanesbæjar, 135. mál.

Stjórn Hafnasambands Íslands tekur ekki afstöðu til þess hvar á landinu starfsemi Landhelgisgæslu Íslands er sett niður, en leggur áherslu á að Landhelgisgæslunni séu ávallt tryggðar nægjanlegar fjárveitingar til þess að standa undir verkefnum hennar sem felast í öryggis- og löggæslu, eftirliti, leit og björgun. Með öflugri starfsemi Landhelgisgæslunnar verður öryggi sjófarenda, fólksins í landinu og verndun auðlinda best tryggð.

10. Vorfundur 2017 - 1701003HA

Farið yfir fyrirkomulag vegna vorfundar stjórnar.

11. Tilraunaverkefni um meðhöndlun sorps ásamt móttöku og flokkun í höfnum. - 1605003_1HA

Lagt fram til kynningar minnisblað frá Birni dags. 23. mars 2017, frá kynningarfundum sem hluti stjórnar sat þann 17. febrúar 2017 með Þorsteini Jónssyni frá ARK Technology ehf. um hugbúnaðarlausn í tengslum við sörpmál.

12. Samráðsfundur Fiskistofu - 1701002HA

Björn gerði grein fyrir fundi samráðsnefndar Fiskistofu og hafnasambandsins sem haldinn var þann 23. mars 2017. Fundargerð verður lögð fram til kynningar á næsta stjórnarfundum hafnasambandsins.

Fundi var slitið kl. 12:35

Gísli Gíslason

Ásta Björg Pálmadóttir

Guðmundur M Kristjánsson

Guðný Sverrisdóttir

Ólafur Þór Snorrason

Sigrún Árnadóttir

Steinþór Pétursson

Steinþór Pétursson

Valur Rafn Halldórsson